



# VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (\*)



## 1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

### Hársnyrtir - hársnyrtiiðn

## 2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

### Hairdresser

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

## 3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

### Handhafi

- greinir hár- og hársvörð, þvær hár og nuddar höfuð með hárnæringu
- hefur vald á margs konar klippiforum fyrir dömur og herra og beitir fjölbreyttum aðferðum til að skapa og útfæra dag- og uppgreiðslur á öllum hárlengdum, hárgerðum og höfuðlagi beggja kynja
- notar margvíslegar aðferðir við permanent og litun hárs og hefur hæfni til að þróa litatækni og klippiform
- getur formað og rakað skegg
- velur vörur og meðferð út frá grunnþekkingu sinni á eiginleikum hárs, samspili efnahvarfa, efnafræðilegum áhrifum permanents og almennri meðhöndlun kemískra efna
- tekur mið af andlitsfalli, líkamsbyggingu og persónuleika viðskiptavinar þegar þjónusta er veitt en tekur jafnframt fullt tillit til óska hans. Veitir persónulega ráðgjöf um meðferð hárs og notkun á hármótunarvörum og aukahlutum fyrir hár
- þekkir sögu hársnyrtingar og síbreytilegrar tísku í aldanna rás, fylgist með tískustraumum og getur tileinkað sér þá
- getur útbúið verklýsingu í máli og myndum og unnið eftir verklýsingum annarra
- fer eftir lögum og reglugerðum um hreinlæti, öryggi, vinnuvernd og forvarnir, réttindi og skyldur. Þekkir helstu atvinnusjúkdóma. Getur veitt skyndihjálp.
- fer eftir lögum og reglugerðum um umhverfisvernd, þekkir umhverfisvænar vörur og leiðir til að öðlast viðurkenningu sem umhverfisvænn hársnyrtir
- sýnir viðskiptavinum, samstarfsfólki og umhverfi virðingu. gætir þagmælsku og er meðvitaður um faglega og siðferðilega ábyrgð sína
- getur tekið þátt í faglegri umræðu á gagnrýninn hátt
- getur útbúið einfalda fjárhags- og markaðssetningaráætlun fyrir rekstur hársnyrtistofu.

## 4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Hársnyrtifólk starfar á hársnyrtistofum og veitir alhliða þjónustu sem þar býðst, svo sem hárpvott, klippingar, greiðslur, blástur, permanent, litun og rakstur. Rétt til starfa í hársnyrtiiðn hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í hársnyrtiiðn sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

### (\*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfbóðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: [www.cedefop.eu.int/transparency](http://www.cedefop.eu.int/transparency)

© Evrópusambandið 2002

## 5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

<b>Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið</b> Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	<b>Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins</b>  Mennta- og menningarmálaráðuneytið
<b>Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega)</b> Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	<b>Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf</b> 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
<b>Dæmi um áframhaldandi nám</b> Nám til iðnmeistaraprófs, viðbótarnám til stúdentsprófs eða tækninám	<b>Alþjóðlegir samningar</b>
<b>Lagalegur grunnur</b> Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

## 6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er fjögur ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað með eftirfarandi hætti: nám í skóla í fimm annir, námstími samtals 90 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 72 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.

### Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

### Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:  
[www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

### Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)